

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, í málinu nr. 2/2022 á svæði 11, Austfirðir

I. Inngangur

1. Undirritaðir lögmenn, Edda Andradóttir og Andri Andrason, Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, fara með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins.

II. Kröfugerð

2. Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að allt landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Hjálpleysa

Upphafspunktur er þar sem Kálfsvallará rennur í Gilsá (1). Þaðan er Gilsá fylgt að Hjálpleysuvatni (2) og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysuvarp (3). Ræður Hjálpleysuvarp landamerkjum að austan og sunnan eftir fjallsbrúnum að upptökum Kálfsvallará (4) og er Kálfsvallará fylgt aftur í upphafspunkt.

Gíslastaðir og Gerði (Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis)

Upphafleg krafa íslenska ríkisins er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Efri-Launá rennur í Fagradal (1). Er Efri-Launá fylgt að upptökum (2) og þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár (3) og eftir Efri-Hrútá niður í Fagradalsá (4) og þaðan í upphafspunkt.

Uppfærð krafa íslenska ríkisins vegna Gíslastaða og Gerðis (Óskiptaland Gíslastaða og Gerðis), sbr. hér síðar, er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Efri-Launá rennur í Fagradal (1). Er Efri-Launá fylgt að upptökum (2) og þaðan norðvestur í vatnaskil á Aurum (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár (4) og eftir Efri-Hrútá niður í Fagradalsá (5) og þaðan í upphafspunkt.

Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.

Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá merkjum austur að landamerkjavörðu Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinna (2). Þaðan beina stefnu suður á fjallseggjar (3) og eftir vatnaskilum á Fönn (4), síðan er vatnaskilum fylgt til austurs á Tungufell (5) og þaðan suður á Hrævarskörð (6). Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum fylgt á Svínadalsvörp (7), og austur á Skagafell í Njörvadalsárdrög (8). Frá þeim punkti er vatnaskilum fylgt austur í Fagradalsá (9), sem ræður vesturmerkjum. Er Fagradalsá fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará (10) og er Eyvindará fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

Oddsdalur

Upphafspunktur er í Hengifossá (1), þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún (2), svo umhverfis allan Oddsdalinn upp á fjallshrygg og að Geithúsaá (3) sem er fylgt niður í upphafspunkt.

III. Málavextir

3. Um málavexti vísast til kröfulýsingar íslenska ríkisins, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Kröfur ríkisins voru kynntar af hálfu óbyggðanefndar og kallað eftir kröfum þeirra sem kynnu að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Að teknu tilliti til skiptingar svæðis 11 í fjögur mál bárust eftirfarandi gagnkröfur í máli 2/2022:
 - Eigendur Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis að því er varðar kröfusvæðið Hjálpleysa.
 - Eigendur Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, og eigandi Áreyja, að því er varðar kröfusvæðið Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis.
 - Eigendur Skorrastaða I, II og III að því er varðar kröfusvæðið Oddsdalur.
4. Undir rekstri málsins aðlagði íslenska ríkið kröfulínu sína vegna Suðurhluta Eyvindarárdals o.fl. að kröfulínu eigenda Fjarðar. Með því var leyst úr ágreiningi gagnvart þeim gagnaðila.
5. Undir rekstri málsins féll íslenska ríkið frá kröfu sinni til kröfusvæðisins Fannardals, en með því var leyst úr ágreiningi gagnvart gagnaðilum vegna Fannardals og Tandрастаða.

IV. Málsástæður og lagarök

(a) Almennt um öll kröfusvæðin

6. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau Þjóðlendukröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari séu svæði utan eignarlanda og teljist því Þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða allt landsvæði innan kröfupunkta skv. framangreindum kröfulínum og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða.
7. Að öðru leyti en fram kemur í greinargerð þessari vísast um afmörkun kröfusvæða og málsástæður ríkisins til kröfulýsingar, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Einnig vísast til fyrirbyggjandi heimilda um kröfusvæðin og tengd landsvæði sem raktar eru í kröfulýsingu ríkisins og í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands.
8. Byggt er á því að þau kröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Fyrirbyggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðja það.
9. Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirbyggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tiltekna kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir voru tilkomnar að þeim réttindum eða hvað fólst nánar í því tilkalli.
10. Að því er varðar öll kröfusvæðin er horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands.
11. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.

12. Í greinargerð þessari er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem teljast styðja kröfu íslenska ríkisins hvað hvert kröfusvæði varðar.

(b) Hjálpleysa

13. Við afmörkun kröfusvæðisins Hjálpleysa er aðallega stuðst við lýsingar í sameiginlegu landamerkjabréfi fyrir Tunghaga og hjáleigurnar Arnkelsgerði og Grófargerði frá 14. júní 1884 og landskipta milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga hinn 1. júlí 1922. Í landskiptagerðinni er mörkum útskipts lands Grófargerðis lýst, m.a. þannig að Kálfsvallará (Kálfa Vallará) ráði af fjallsbrúnum þar til hún fellur í Gilsá. Ræður þessi lína, þ.e. Kálfsvallará frá fjallsbrúnum í Gilsá, norðurmörkum kröfusvæðisins.
14. Hjálpleysudals er getið í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641, en þar segir að kirkjan að Hallormsstað eigi „halfann hialpleysudal til þess vótnum hallar“. Sama lýsing kemur fram í biskupsvísitasíum fyrir Hallormsstað frá 1. september 1677 og 30. ágúst 1706. Ekki verður annað ráðið en að hér sé vísað til þess hluta Hjálpleysdals er fellur innan kröfusvæðisins.
15. Kröfusvæðisins er næst getið í fyrrnefndu landamerkjabréfi Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði frá 14. júní 1884, og virðist samkvæmt því þá falla innan merkjalýsinga, a.m.k. að hluta. Í landamerkjabréfinu er merkjum n.t.t. lýst þannig, hvað kröfusvæðið varðar, að Gilsá ráði að Hjálpleysuvatni og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysvarp, en að austan og sunnan ráði fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarp. Ekki liggja fyrir eldri heimildir sem benda til þess að land jarðanna hafi náð til kröfusvæðisins, þ.e. inn Hjálpleysudal og upp á Hjálpleysvarp.
16. Í sóknalýsingu Vallanessóknar frá 1840 er Hjálpleysdals getið í tengslum við Tunghaga og hjáleigurnar Arnkelsgerði og Grófargerði. Þar segir að skógur er áður var einkum á Hjálpleysdal „sem hálfur liggur undir jörð þessa“ sé nærfellt horfinn og að Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna ábúendur reki geldfé sitt í Hjálpleysdal „so sem áfastan þeirra heimalöndum.“¹ Þá er Hjálpleysu getið sem upprekstrarlands í sameign með jörðunum Arnkelsgerði og Tunghaga í umfjöllun um Grófargerði í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu frá 1916-1918, þar sem segir: „Upprekstrarland hefir jörðin á Hjálpleysuafrétti sem er sameign þessara jarða.“

¹ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 302 og 305.

17. Hinn 1. júlí 1922 fóru sem fyrr segir fram landskipti milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga. Þau voru þinglesin við manntalsþing að Ketilsstöðum 3. júlí 1923 og eru skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998. Í landskiptagerðinni er mörkum útskipts lands Grófargerðis lýst, m.a. þannig að Kálfsvallarár (Kálfa Vallará) ráði af fjallsbrúnum þar til hún fellur Gilsá. Tekið er fram að Grófargerði „á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.“

(c) Gíslastaðir og Gerði (Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis)

18. Taka ber fram að undir rekstri málsins var bent á að ósamræmi væri á milli kröfu íslenska ríkisins og þess hvernig hún væri færð á kort. Í kröfunni væri vísað til þess að vatnaskilum væri fylgt til suðurs frá upptökum Efri-Launár í upptök Efri-Hrútár, en á korti væri dregin bein lína til norðvesturs frá upptökum Efri-Launár í óskilgreindan punkt og þaðan til suðurs í upptök Efri-Hrútár.
19. Í upphaflegri kröfu íslenska ríkisins hefur misfarist að skilgreina fyllilega hvernig kröfulína liggur á milli upptaka Efri-Launár og Efri-Hrútár, þótt þar hafi komið fram að hún liggji um vatnaskil. Af þessum sökum, og með vísan til þess að nú liggur fyrir greining Veðurstofu Íslands á vatnaskilum á svæðinu, er krafa íslenska ríkisins uppfærð með greinargerð þessari, þannig að skýrt sé að frá upptökum Efri-Launár sé farið í vatnaskil á Aurum, þaðan sem vatnaskilum er fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Sjá kafla um kröfugerð hér að framan og uppfært kröfukort. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að ekki sé um breytingu á kröfugerð að ræða, heldur einungis skýringu, en að því marki sem um breytingu telst vera að ræða rúmast hún innan upphaflegrar kröfu.
20. Við afmörkun kröfusvæðisins Gíslastaða og Gerðis (Óskiptarland Gíslastaða og Gerðis) er aðallega stuðst við landamerkjabréf Gíslastaða frá 4. júní 1884, þar sem vísað er til kröfusvæðisins með svofelldum hætti: „Millum Gíslastaða og Gerðis er óskiptarland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrútár.“
21. Takmarkaðar heimildir liggja fyrir um kröfusvæðið. Af þeim heimildum sem liggja fyrir er ljóst að jarðirnar Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum hafa kallað til réttinda þar, en kröfusvæðið virðist falla innan merkjalýsinga í landamerkjabréfum Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 og Gíslastaða frá 4. júní 1884. Í landamerkjabréfi Gíslastaðagerðis er merkjum þannig lýst upp í svokallaðan Klofastein og svo „austur aurana að efri Launá,

sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá“ og „í vörðubrot sem er á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal“. Í landamerkjabréfi Gíslastaða er merkjum að sama skapi lýst „suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrútárdrög og niður Hrúta að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá“ og „um þverann Aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá“. Í landamerkjabréfi Gíslastaða er síðan tekið fram, sem fyrr segir, að á milli Gíslastaða og Gíslastaðagerði sé óskipt afréttarland á norðanverðum Fagradal, milli Efri-Launár og Eftir-Hrútár.

22. Til þess er að líta að ekki liggja fyrir eldri heimildir en framangreind landamerkjabréf frá 1884, sem benda til þess að kröfuvæðið falli innan merkja jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum. Í lögfestu vegna Gíslastaðagerðis frá 22. maí 1845 er merkjum þeirrar jarðar raunar lýst á þann veg að land jarðarinnar afmarkist af fjallsbrún en ekki þannig að gefi til kynna að það nái austur fyrir Aura og yfir í Fagradal.
23. Til viðbótar framangreindu, hvað varðar tilkall Gíslastaða og Gíslastaðagerðis til kröfuvæðisins, skiptir einnig máli að á milli jarðanna á Völlum og kröfuvæðisins í Fagradal eru nokkuð skýr skil af náttúrunnar hendi. Til þess er einnig að líta að í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu frá 1916-1918 kemur fram að jörðin Gíslastaðagerði eigi upprekstrarland með Gíslastöðum og að því er varðar Gíslastaði kemur fram að jörðin eigi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.
24. Þá er til þess að líta að í landamerkjabréfi jarðarinnar Áreyja frá 5. september 1885 er norðurmerkjum jarðarinnar lýst svo: „Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. – Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Seljateigs og Áreyjalands út í Flóalækjarós.“ Þess er síðan getið að innan landamerkja Áreyja eigi Vallaneskirkja afrétt í Fagradal frá Hrúta til Afréttarár og Gíslastaðir á Völlum eigi afrétt á Fagradal milli Hrútár og Launár. Landamerkjabréfið var samþykkt f.h. Vallaneshrepps og eigenda Gíslastaða, með svofelldri athugasemd: „Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti; að vér notum afréttalandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.“
25. Við samanburð á ofangreindum landamerkjabréfum Gíslastaða og Áreyja er ljóst að landið á milli Efri-Hrútár og línu sem dregin er beint úr Hjálpleysuvarpi í Fagradalsá fellur innan beggja landamerkjabréfa. Ekki er hins vegar unnt að fallast á að þetta misræmi í landamerkjabréfum staðfesti öðru fremur að um eignarland sé að ræða, eins

og haldið er fram í gagnkröfu vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis. Fremur virðist þetta misræmi staðfesta að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem um ræðir, á milli Efri-Hrútár og Efri-Launár. Í þessu sambandi verður væntanlega að horfa til þess að landamerkjabréf Gíslastaða og Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 og Gíslastaða frá 4. júní 1884 voru ekki samþykkt af hálfu Áreyja. Síðar tilkomið landamerkjabréf Áreyja, frá 5. september 1885, er hins vegar samþykkt fyrir hönd Vallaneshrepps og eigenda Gíslastaða, þ. á m. hvað varðar merkin beint úr Hjálpleysvarpi í Fagradalsá, þrátt fyrir athugasemd um að afréttarlandið á Fagradal yrði áfram notað á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hefði verið.

26. Varðandi framangreint ber að taka fram að ekki er ágreiningur af hálfu íslenska ríkisins um að Áreyjar eigi land að suðurmörkum kröfusvæðisins. Heimildir eru hins vegar ekki samhljóða um hvort þau mörk eigi að miðast við Efri-Hrútá, eins og heimildir um Gíslastaði og Gíslastaðagerði benda til, eða við línu sem dregin er beina stefnu af Hjálpleysvarpi þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá, eins og virðist leiða af landamerkjabréfi Áreyja.

(d) Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.

27. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki ráðið að kallað hafi verið til beinna eignarréttinda yfir kröfusvæðinu eða landsvæðum innan þess, en ljóst er að kröfusvæðisins er aðeins getið í tengslum við takmarkaða nýtingu.
28. Kröfusvæðisins er aðallega getið í heimildum um Vallanes á Völlum. Í biskupsvísitasíu fyrir kirkjuna að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 segir meðal annars að kirkjan eigi afrétt í Fagradal og undir Skagfelli, og selför að Tunguseli í Eyvindarárdal sem kallast nú Tungudalur. Vísað er með sambærilegum hætti til réttinda eða ítaka kirkjunnar á kröfusvæðinu í síðari heimildum, m.a. í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi, dagsettri 18. júní 1839, lögfestu Guttorms Pálssonar prófests fyrir heimalandi Vallaness frá 14. maí 1840, biskupsvísitasíu Vallaneskirkju frá 29. júlí 1850 og skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar frá 1854 um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls.
29. Þess er rétt að geta að fyrrnefndri lögfestu Guttorms Pálssonar frá 14. maí 1840 var mótmælt að því er varðar Tungudal, sem væri almenningseign. Sjá einnig lögfestu vegna almenningseignar í Tungudal 8. júlí 1844, sem var þinglesin sama dag, en þann dag var aftur þinglesin fyrrnefnd lögfesta sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi frá 14. maí 1840. Frekari heimildir liggja jafnframt fyrir um þennan ágreining um réttindi á Tungudal eða til Tungusels í Eyvindarárdal.

30. Til viðbótar má nefna að í svari oddvita Eiðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afréttir, mörk þeirra og upprekstrarrétt, frá 24. nóvember 1989, er fjallað um afrétt sem nefnist Tungudalur í Dalaafrétti, en um mörk hans segir í bréfinu: „Liggur milli Slenjudals og Svínadal í Dalaafrétti, nær að Slenjudalsá að utan og liggur upp á Eskifjarðarheiði að innan.“ Þá segir í bréfinu að allharðar deilur hafi staðið yfir milli Eiðahrepps annars vegar og Vallahrepps hins vegar um til hvors sveitarfélagsins afrétturinn ætti að teljast. Oddvitinn segir í bréfinu að viðurkennt sé að Tungudalur teljist til Vallahrepps en lagði um leið áherslu á að ekki yrði hróflað við afnotarétti bænda í Eiðapinghá af Tungudal. Oddviti Vallahrepps svaraði sömu fyrirspurn með bréfi dagsettu 27. apríl 1989. Þar er m.a. fjallað um afréttinn Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár, sem afmarkast svo: „Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m.vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hräfarskörð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.“

31. Eigandi Fjarðar í Mjóafirði gerði upphaflega gagnkröfu vegna þess hluta Slenjudals er féll innan kröfulínu þjóðlendukröfu. Undir rekstri málsins aðlagði íslenska ríkið kröfulínu sína að kröfulínu eiganda Fjarðar.

(e) Oddsdalur

32. Það athugast að þar sem misræmis gætti hefur íslenska ríkið aðlagð kröfulínu sína á korti að kröfulínu gagnaðila, eigenda Skorrastaða I, II og III. Að mati íslenska ríkisins stafaði misræmið af því að textalýsing gagnaðila er nákvæmari en textalýsing kröfu ríkisins, sbr. punktar gagnaðila í Hengifossi og í Geithúsará þar sem hún fellur í Hengifossá, en ljóst er að aðilar miða kröfugerð sína við sömu heimildir. Að mati íslenska ríkisins rúmast aðlagðar kröfulínur á korti innan óbreyttrar textalýsingar kröfu ríkisins.

33. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að Skorrastaðir hafi á síðari tímum kallað til réttinda á Oddsdal. Hins vegar er Oddsdals ekki getið í elstu heimildum um Skorrastaði eða kirkjuna að Skorrastöðum, þar sem taldar eru eignir og ítök kirkjunnar, sem og ýmis önnur réttindi í Norðfirði og víðar. Má hér nefna Vilchinsmáldaga fyrir Skorrastaðakirkju frá um 1397, máldaga frá 1570, vísitasíu frá 12. ágúst 1645 og aðrar sambærilegar síðari heimildir.

34. Oddsdals virðist fyrst getið í prófastsvísitasíu fyrir Skorrastað frá 23. ágúst 1818 þar sem fram koma sömu upplýsingar og í fyrri heimildum, en þar segir jafnframt að kirkjan eigi „Oddsdal allann“. Eftir þetta er Oddsdals ýmist getið eða ekki getið í heimildum um Skorrastaði og tengdar jarðir, en að því leyti sem dalsins er getið er það ávallt í tengslum við afréttarnot og á þann hátt að fleiri en Skorrastaðir hafi notið réttinda á Oddsdal. Má hér nefna skjal sr. Benedikts Þorsteinssonar á Skorrastað frá 3. júní 1824, og skýrslu hans frá 1. júní 1839, þar sem vísað er til Oddsdals sem afréttarpláss fyrir bændur í Norðfirði. Jafnframt er vísað til Oddsdals sem afréttarland fyrir Skorrastað og nokkurra annarra nábúa í álit J. Jónssonar og B. Stefánssonar um prestssetrið Skorrastað frá 13. nóvember 1854. Þá kemur fram í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu frá 1916–1918 að jörðin Skorrastaður eigi gott upprekstrarland í Oddsdal. Þess má enn fremur geta að í landamerkjabréfi vegna Skorrastaða frá 1938 (ó dags.) er lýst merkjum á milli annars vegar Skuggahlíðar og Oddsdals og hins vegar Oddsdals og Seldals, og þess getið að Oddsdalur sé afréttarland frá Skorrastað.
35. Til þess er einnig að líta að í landamerkjaskrá jarðarinnar Skorrastaða frá árinu 1890 er að finna lýsingar á landamerkjum margra jarða í Norðfirði sem voru kirkjujarðir Skorrastaða, en lýsingarnar eru dagsettar 4.-14. júlí 1890. Þar er m.a. lýst landamerkjum Seldals og Skuggahlíðar. Ekki er minnst á Oddsdal í landamerkjaskránni og ekki verður annað séð en að aðliggjandi merkjum sé þar lýst þannig að Oddsdalur myndi sérstakt afmarkað en ótilgreint svæði.

V. Lagarök

36. Um lagarök er fyrst og fremst vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Einnig vísast til 72. gr. stjórnarskrárinnar, og meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.


VI. Sönnunargögn


37. Um sönnunargögn er vísað til framlagðra skjala og hliðsjónargagna. Ekki eru lögð fram ný gögn með greinargerð þessari, en áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, ef tilefni gefst til á síðari stigum.

VII. Almennur áskilnaður og fyrirvari

38. Af hálfu íslenska ríkisins er áskilinn réttur til að koma að frekari málsástæðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, og til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Þá er áskilinn réttur til að auka við þjóðlendukröfur og til að setja nýjar þjóðlendukröfur fram, eftir því sem tilefni gefst til og lög leyfa. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfufölu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 13. desember 2023,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
f.h. íslenska ríkisins,


Andri Andrason, lögmaður


Edda Andradóttir, lögmaður